

venjulegt fangaviðurværi í 3 mánuði. Svo greiði hann Mariu Kerff 597 krónur í skaðabætur innan 15 daga frá uppsögn dóms þessa. Loks greiði hann allan kostnað sakarinnar. Þar á meðal kostnaðinn við gæzluvarðhald sitt.

Á máli þessu hefir enginn óþarfa dráttur orðið.

Mánudaginn 30. jan. 1933.

Nr. 6/1931. **Réttvísín**

gegn

Birni Gíslasyni og Hansínu Ingu Pétursdóttur.

Úrskurður hæstaréttar.

Verjandi telur þurfa framhaldsrannsóknar í máli þessu vegna eftirfarandi atriða, er hann telur munu skipta máli um sekt eða sýknu hinna ákærðu.

1. Út af yfirlýsingu H. nokkurs Hemmingsens í Kaupmannahöfn, dags. 8. dez. 1931, um það, að hann hafi án vitundar ákærða, Björns Gíslasonar, sett stimpil „Hattaverzlunin á Klapparstíg“ fyrir ofan samþykki Björns á víxil þann, er gaf tilefni til úrskurðar skiptaréttar Reykjavíkur 24. ágúst 1929 um gjaldþrot ákærðu, Hansínu Ingu Pétursdóttur og í dómi hæstaréttar 1 $\frac{3}{4}$ 1931 greinir, og að hann hafi búið stimpil þenna til án vitundar ákærða, Björns Gíslasonar. Telur verjandi, ef þetta reynist rétt, víxil þenna Hansínu Ingu óviðkomandi, og hefði hún því, sem eigandi nefndrar Hattaverzlunar verið ranglega úrskurðuð gjaldþrota.

En með því, að næg sönnun var fram komin

fyrir því, að ákærða, Hansína Inga, var réttilega krafín um umgetna víxilskuld, þykir ekki ástæða til að leita frekari upplýsinga um nánari atvik að því, hvernig stimpill Hattaverzlunarinnar var settur á víxilinn. Framhaldsrannsókn um þetta atriði virðist því óþörf.

2. Telur verjandi framhaldsrannsókn þurfa um það, hvort Sigurjón Jóhannsson endurskoðandi hafi sumarið 1929 veitt ákærðu, Hansínu Ingu, frest til 1. okt. s. á. til þess að koma bókhaldi sínu í lag, eins og í framlögðu vottorði Björns R. Stefánssonar segir. Fyrir þann dag hafði hún verið úrskurðuð gjaldþrota og hafi því ekki getað lagað bókhald sitt fyrir þann tíma, þar sem bækur hennar hafi verið frá henni teknar. Þótt þetta væri rétt, þá gæti það ekki leyst hana undan refsingu eftir 264. gr. hegningarlaganna. Þetta atriði virðist því skipta svo litlu máli, að framhaldsrannsókn þess vegna virðist ekki nauðsynleg.
3. Maður nokkur, að nafni Tómas Skúlason, hefir gefið út 3 vottorð í máli þessu, dags. 20. nóv. 1931 og 25. s. m. (rskj. 25, 36 og 46), um ómakslaun Guðjóns Guðmundssonar, o. fl. Í lögreglurétti 17. dez. 1931 kveðst Tómas þessi ekki munu hafa lesið nema eitt vottorða þessara, heldur hafi ákærði, Björn Gíslason, lesið þau upp fyrir honum áður en hann undirritaði þau, og taldi Tómas vafasamt, að þau hafi verið rétt lesin upp fyrir honum. Hefir nú Björn R. Stefánsson útgefið vottorð á rskj. 64 um það, að nefndur Tómas hafi að aflokinni skýrslu sinni fyrir rétti kannazt við það fyrir honum, að eitt vottorða þessara hafi verið lesið upp fyrir honum og að

innihald þess væri rétt. Ákærði, Björn Gíslason, er ekki sakaður í máli þessu um það, að hafa reynt að tæla Tómas eða aðra til falsvitnis, og skiptir þetta atriði að því leyti ekki máli. Ennfremur hefir Tómas þessi gefið þá skýrslu í réttarhaldinu 17. dez. 1931, að hann myndi ekki, hvað í einu vottorða þessara stæði eða um ómakslaun Guðjóns yfirhöfuð til neinnar hlítar, það virðast litlar líkur til þess, að hann yrði nú minnisbetri á það atriði, og þegar af þeirri ástæðu virðist ógerlegt að fresta málinu af nýju til að afla enn skýrslu hans.

4. Telur verjandi þurfa framhaldsrannsókn út af vottorði Geirs Pálssonar, dags. 7. maí 1932, um afhendingu ákærða, Björns Gíslasonar, á eignarheimild að húseigninni Grundarstig 4 A. hér í bæ. Í vottorði þessu eru engar frekari upplýsingar um það atriði en þessi maður hafði áður gefið, og er því framhaldsrannsókn vegna vottorðs þessa óþörf.
5. Þá telur verjandi framhaldsrannsókn þurfa að fara fram út af vottorðum Páls Jónssonar frá 7. marz 1932 (rskj. 79), Ingibjargar Helgadóttur frá 12. apríl s. á. (rskj. 90) og Hannesar Ólafssonar frá s. d. (rskj. 91), um vöruúttekt Guðjóns Guðmundssonar í hattabúð ákærðu, Hansínu Ingu, og vöruframsal hennar til hans úr sömu búð. Í vottorðum þessum er ekkert nýtt, er máli skipti, og er framhaldsrannsókn þeirra vegna því óþörf.
6. Loks telur verjandi þurfa að rannsaka bók eina, er lögð hefir verið fram yfir skipti hinna ákærðu við Magnús Blöndahl. Saldo-upphæðin í bók þessari kemur ekki alveg heim við sam-

svarandi upphæð í áður framlögðum reikningi frá Blöndahl yfir skipti þessi. En ekki verður séð, að mismunur þessi skipti máli um sekt eða sýknu hinn ákærðu, enda sérstakir torveldleikar á frekari rannsókn á þessu atriði, með því að Magnús Blöndahl er nú látinn.

Samkvæmt framansögðu þykir ekki ástæða til þess að láta framhaldsrannsókn fara fram um áðurnefnd atriði. Ber því að halda málinu áfram hér fyrir dómi, en veita verður verjanda umbeðinn 4 vikna frest til að semja vörn fyrir hin ákærðu.

Því úrskurðast:

Verjanda veitist 4 vikna frestur til að semja vörn í málinu fyrir hin ákærðu.

Mánudaginn 30. jan. 1933.

Nr. 38/1932. **Gunnlaugur Sigurðsson**
gegn

Pálma Loftssyni, f. h. Skipaútgerðar
ríkisins.

Dómur hæstaréttar.

Málssókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Gunnlaugur Sigurðsson, er eigi mætir í málinu, greiði 50 kr. aukagjald til ríkissjóðs, ef hann af nýju vill fá mál sitt tekið fyrir í hæstarétti.

Svo greiði hann og stefnda, er hefir látið mæta, 50 kr. í ómaksbætur, að viðlagðri aðför að lögum.